



SJÁVARKLASINN Á ÍSLANDI
EFNAHAGSLEG UMSVIÐ
OG AFKOMA 2012



Sjávarklasinn á Íslandi - Efnahagsleg umsvif og afkoma 2012

© Íslenski sjávarklasinn 2013

ISBN 978-9935-9083-4-6

Útgefandi: Íslenski sjávarklasinn

Höfundar:

Bjarki Vigfússon

Haukur Már Gestsson

Pór Sigfússon

Október 2013

www.sjavarklasinn.is

Formáli

Þegar rætt er um sjávarútveginn á Íslandi vill umræðan oft einskorðast við útgerðina og hinar hefðbundnu veiðar og vinnslu. Þó umræður um hinn hefðbundna sjávarútveg séu nauðsynlegar, enda hér um stoð íslensks efnahagslífs að ræða, gefa þær ekki alltaf rétta mynd af mikilvægi sjávarútvegsins fyrir efnahagslega farsæld þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn er enda miklu meira en hefðbundnar veiðar og vinnsla og efnahagslegt mikilvægi þessa grunnatvinnuvegs nær langt út fyrir hina eiginlegu sjósókn.

Í skjóli hins hefðbundna sjávarútvegs hefur myndast öflug þyrping fyrirtækja, svokallaður sjávarklasí, sem þjónustar sjávarútveginn með margvíslegum hætti, vinnur úr afurðum hans og nýtur stuðnings og verðmætra viðskiptatengsla við hann. Efnahagslegt og samfélagslegt mikilvægi sjávarútvegsins verður aðeins skilið til hlítar þegar það er sett í samhengi við starfsemi og verðmætasköpun þessara fyrirtækja, útflutning þeirra og starfsmannafjölda.

Mörg fyrirtækja sjávarklasans búa ekki við þær takmarkanir sem náttúran setur útgerðinni. Þannig hafa ýmis tækni- og þekkingarfyrirtæki sjávarklasans á Íslandi, sem sprottið hafa upp, vaxið og dafnað fyrir tilstilli hins innlenda sjávarútvegs, nú hafið sjálfstæðan útflutning á vörum sínum og þekkingu.

Tæknigeiri sjávarklasans er dæmi um þetta þar sem tæknibúnað hvers konar, vélbúnaðar- og hugbúnaðarlausnir, bæði um borð í skip og í vinnslur á landi, er hægt að selja bæði íslenskum fyrirtækjum jafnt sem fyrirtækjum erlendis. Tæknigeiri sjávarklasans á Íslandi veltir nú um 66 milljörðum árlega og á árinu 2012 jókst velta tæknifyrirtækjanna um 13%. Slíkur vöxtur er sérstaklega eftirtektarverður og gefur vonandi tóninn um það sem koma skal í frekari sókn þessara fyrirtækja á erlenda markaði.

Á undanförmum árum hefur mátt merkja vaxandi áhuga á nýtingu aukaafurða, svo sem hausa, roðs, beina, hrogna og slógs til verðmætasköpunar. Nú er svo komið að um 30 fyrirtæki vinna við slíka fullvinnslu óhefðbundinna afurða, sum hver með stuðningi líftæknirannsókna og hátækniiðnaðar. Velta þessara fyrirtækja var 22 milljarðar á síðasta ári og jókst um 17% frá árinu áður.



Íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri flutningastarfsemi veltu um 17 milljörðum árið 2012 vegna útflutnings með íslenskar sjávarafurðir. Starfsemi flutningafyrirtækjanna er gríðarlega mikilvæg í framboðskeðju íslenskra sjávarafurða enda gætu afurðirnar tæpast ratað á disk neytenda ef þeirra nyti ekki við.

Þessi þrjú dæmi um ólíka en öfluga og vaxandi geira sjávarklasans sýna svo ekki verður um villst að tækifærin liggja víða, og varpa á sama tíma ljósi á efnahagslegt mikilvægi stoð- og þjónustugreina sjávarútvegsins. Dæmin lýsa enn fremur þeim tækifærum sem búa í frekari vexti þessara fyrirtækja og sjálfstæðri útflutningsstarfsemi þeirra.

Það er mikilvægt að við búum sjávarútvegi öllum á Íslandi starfsumhverfi sem drífur þessa þróun áfram, að við vinnum menntastefnu sem beinir ungmennum okkar á brautir tækifæranna í takt við þarfir atvinnulífsins og að við öll skiljum, og virðum, hlutverk og mikilvægi íslensks sjávarútvegs. Ég hef mikla trú á tækifærum framtíðarinnar innan sjávarklasans.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.





Efnisyfirlit

Inngangur	7
Helstu niðurstöður	8
Sjávarútvegur 2012	10
Sjávarklasinn 2012	14
Tæknifyrirtæki í örum vexti	14
Líftækni, nýting aukaafurða og fullvinnsla	16
Flutningar og vörustjórnun	19
Sala og markaðsstarfsemi	21
Miklir vaxtarmöguleikar fiskeldis	23
Efnahagsleg umsvif sjávarklasans og framlag til landsframleiðslu 2012	26
Beint framlag	25
Óbeint framlag	27
Eftirspurnaráhrif	28
Heimildir	30

Íslenski sjávarklasinn

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fjölmargra fyrirtækja í haftengdri starfsemi á Íslandi og hefur það að markmiði að bæta samstarf, auka verðmæti og efla skilning á mikilvægi þeirrar starfsemi sem undir sjávarklasann falla. Fyrirtækið var stofnað árið 2011 eftir að hafa slitið barnskónum í doktorsrannsóknum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Íslenski sjávarklasinn starfar nú að fjölmörgum verkefnum sem miða að því að auka verðmætasköpun, nýsköpun og samstarf innan sjávarklasans. Samstarfsfyrirtækin eru alls á sjötta tug og fer fjölgandi.

Stofnaðilar



Samstarfsaðilar



Inngangur

Á fyrri hluta 20. aldarinnar reyndist sjávarútvegurinn helsti drifkraftur nútímavæðingar íslensks atvinnulífs. Í kjölfarið varð sjávarútvegur svo leiðandi atvinnugrein í hagþróun landsins á öldinni sem leið. Í upphafi 21. aldarinnar er það nokkurs konar þrástef að sjávarútvegur skipti í raun sífellt minna máli fyrir íslenskt hagkerfi og atvinnulíf, ef frá er talið mikilvægi hans við öflun gjaldeyrstekna fyrir þjóðarbúið. Þessi skilningur á stöðu sjávarútvegsins í nútímanum er ekki aðeins rangur heldur einnig afvegaleiðandi gagnvart þeim gríðarlegu tækifærum sem þar kunna að búa.

Sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur á Íslandi og í skjóli hans hefur myndast svokallaður sjávarklasi, þyrping fjölmargra fyrirtækja sem öll tengjast sjávarútvegi, hafinu eða auðlindum þess með einhverjum hætti. Markmið *Íslenska sjávarklasans* er að tengja þessi fyrirtæki saman með það að augnamiði að efla nýsköpun, verðmætasköpun, bæta nýtingu afurða og þekkingar og þar með auka samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Með því að breikka sjónarhorn okkar með þessum hætti blasir ekki aðeins við önnur mynd af mikilvægi sjávarútvegsins fyrir íslenskt atvinnulíf heldur allt önnur sviðsmynd af framtíðarmöguleikum í atvinnuuppbyggingu og aukinni verðmætasköpun tengd sjávarútvegi og auðlindum hafsins.

Í þessari skýrslu er leitast við að lýsa efnahagslegum umsvifum sjávarklasans á Íslandi árið 2012 og kastljósinu beint sérstaklega að afkomu og umsvifum nokkurra ólíkra atvinnugreina sjávarklasans, tækifærum og áskorunum sem fyrirtæki þessara greina standa frammi fyrir, auk þess að lýsa umsvifum og afkomu hins hefðbunda sjávarútvegs. Greining sem þessi er nú birt þriðja árið í röð og er byggð á umfangsmiklum rannsóknum sem fram fóru árið 2010. Með því að greina breytingar í umsvifum sjávarklasans og í einstökum greinum hans frá ári til árs fæst bæði mynd af þróun hans í samtímanum en einnig vettvangur til að lýsa framtíðarmöguleikum klasans.

Helstu niðurstöður

- » Umfang sjávarklasans í hagkerfinu vex annað árið í röð, en framlag sjávarklasans til landsframleiðslu var 28,4% árið 2012, 27,7% árið 2011 og 25,6% árið 2010.
- » Heildarframlag sjávarútvegsins til landsframleiðslu árið 2012 var 26,7%. Þar af nam beint framlag 11,3% af landsframleiðslu, óbeint framlag 7,8% og eftirspurnaráhrif námu 7,6%.
- » Sjávarklasinn í heild stendur líklega undir um 25-35 þúsund störfum eða 15-20% vinnuafis.
- » Velta tæknifyrirtækja sjávarklasans var 66 milljarðar árið 2012 og jókst um 13% milli ára. Tæknigeiri sjávarklasans er því í mikilli sókn.
- » Áhersla á fullvinnslu og bættu nýtingu aukaafurða sem falla til við hefðbundna vinnslu eykst innan sjávarklasans enda felast gríðarleg tækifæri til verðmætasköpunar á því sviði. Heildarvelta helstu fyrirtækja sem falla undir fullvinnslu og líftækni var 22 milljarðar árið 2012 og jókst um 17% frá árinu áður.
- » Sjávarútvegurinn er grunnatvinnuvegur á Íslandi og stendur undir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, meðal annars á sviði flutninga og vörustjórnunar. Ætla má að heildarvelta í flutningum og tengdri starfsemi með sjávarafurðir hafi verið í kringum 17 milljarðar króna á árinu 2012.
- » Framleiðsla eldisfisks jókst um 57% milli ára en fiskeldi er ennþá lítil grein á Íslandi. Jákvæðar fréttir berast nú af mörgum fjárfestingaráformum og leyfissóknnum til fiskeldis sem bæði gætu skapað mikil verðmæti og spilað stórt hlutverk í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.
- » Heildarflaverðmæti upp úr sjó voru 160 milljarðar króna árinu 2012. Aflaverðmæti hafa aukist myndarlega að raunvirði undanfarin ár.
- » Útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða námu tæpum 269 milljörðum króna árið 2012 og hafa aldrei verið meiri. Lágt raungengi krónunnar og hækkandi verð á mörkuðum leggjast hér á eitt, auk bættrar aflanýtingar og vaxandi getu íslenskra fyrirtækja til að bjóða verðmæta vöru árið um kring.



Framlag sjávarklasans til VLF

Sjávarútvegur	% af VLF	% af VLF	% af VLF
	2010	2011	2012
Beint framlag	9,9%	11%	11,3%
Óbeint framlag	7,3%	7,7%	7,8%
Eftirspurnaráhrif	6,9%	7,5%	7,6%
Samtals framlag sjávarútvegs til VLF	24,1%	26,2%	26,7%
Önnur útflutningsstarfsemi sjávarklasans	1,5%	1,5%	1,7%
Samtals framlag sjávarklasans til VLF	25,6%	27,7%	28,4%



Sjávarútvegur 2012

Tafla 1. Sjávarútvegur 2012

Heildaraflí	1.450 þús. tonn
Aflaverðmæti (upp úr sjó)	160 milljarðar kr.
Útflutningsverðmæti	269 milljarðar kr.


Heilt yfir lítið var árið 2012 gott ár í íslenskum sjávarútvegi og sjávarklasnum. Heildaraflí var um 1.450 þúsund tonn sem er talsverð aukning frá fyrra ári en heildaraflí ársins 2011 var 1.150 þúsund tonn. Þessa miklu aukningu milli ára má að stærstum hluta rekja til aukinna uppsjárveiða. Til að setja þessar tölur í samhengi samsvara 1.450 þúsund tonn til 4,6 tonna á hvern íbúa landsins á síðasta ári, og meðalheildaraflí síðustu 50 ár er um 1.300 þúsund tonn á ári.

Aflaverðmæti, þar sem miðað er við verð afurða upp úr sjó, var 160 milljarðar króna á árinu 2012 sem er örlítill lækkun frá fyrra ári mælt á föstu verðlagi. Heildaraflaverðmætin, bæði í sögulegu samhengi hér heima og á alþjóðlegan mælikvarða, eru hins vegar mjög góð og hækkunin milli árána 2010 og 2011 nam rúmum 11% á föstu verðlagi. Verðmæti íslenskra sjávarafurða hafa farið hækkandi frá 2008 en voru nokkuð stöðug áratuginn þar á undan. Veikt gengi krónunnar hefur spilað stóran þátt í hækkandi aflaverðmæti undanfarinna ára og hækkandi fiskverð á alþjóðamörkuðum hefur lagst á sömu sveif. Gengi krónunnar hélst áfram veikt á árinu 2012 og þorskkvótinn

var aukinn nokkuð frá fyrra fiskveiðiári. Aftur á móti lækkaði afurðaverð botnfisktegunda á mörkuðum þegar leið á árið 2012. Sú þróun hefur haldið áfram það sem af er ári 2013 og neikvæður verðþrýstingu rverið talsverður, einkum á þorsk, og verðsveiflur miklar. Uppsjárveiðar og vinnsla gengu almennt vel á árinu 2012 og góð verð fengust á mörkuðum. Bætt aflánýting og aukin geta íslenskra fyrirtækja til framleiðslu hágæða vara hefur einnig stuðlað að verðmætaaukningu undanfarin ár.

Hlutdeild hefðbundins sjávarútvegs (veiða og vinnslu) í landsframleiðslu árið 2012 var 11,3% samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands en er áætluð 11% fyrir árið 2011. Hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu hefur því vaxið lítið eitt frá fyrra ári og ekki verið hærrí í rúman áratug. Hlutur veiða á árinu var 7,1% en vinnslu 4,2%. Hlutdeild hefðbundins sjávarútvegs í landsframleiðslu er einnig nefnt beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu. Rannsóknir benda til þess að beint framlag gefi ekki nægjanlega rétta mynd af hlutfallslegu mikilvægi sjávarútvegs í þjóðarþúskapnum heldur sé framlag sjávarútvegsins í raun talsvert meira gegnum svokallað óbeint framlag og eftirspurnaráhrif (margföldunaráhrif), auk þeirrar sjálfstæðu útflutningsstarfsemi fyrirtækja sem upphaflega þjónuðu íslenskum sjávarútvegi en standa nú traustum fótum, í það minnsta með hluta starfsemi sinnar, óháð umsvifum og afkomu innlends sjávarútvegs. Markmið þessarar skýrslu er meðal annars að birta niðurstöður mats á þessum stærðum og lýsa þannig öllum efnahagslegum umsvifum sjávarklasans á Íslandi. Niðurstöður þess mats benda til þess að óbeint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu árið 2012 hafi verið um 7,8% af landsframleiðslu og að eftirspurnaráhrif

Mynd 1. Aflí og aflaverðmæti



sjávarklasans hafi numið um 7,6%. Því er áætlað að heildarframlag sjávarútvegsins til landsframlaiðslu árið 2012 hafi verið 26,7% af landsframlaiðslu. Sé einnig tekið tillit til sjálfstæðrar útflutningsstarfsemi sjávarklasans má ætla að framlag klasans í heild til landsframlaiðslu hafi verið 28,4% á árinu 2012.

Almennt má segja að rekstrarafkoma sjávarútvegsins hafi vænkast hæðum skrefum frá því aflamarkskerfið var innleitt á 9. áratugnum. Mikil samþjöppun og hagræðing í veiðum og vinnslu og aukin sérhæfing og tæknivæðing hafa drifið áfram aukna verðmætasköpun sem smám saman hafa skilað sér í bættri afkomu greinarinnar. Þá hafa jákvæðar ytri aðstæður, einkum lágt gengi krónunnar og hækkandi afurðarverð, haft mikil áhrif á jákvæða rekstrarafkomu allra síðustu ár. Frá 1991, þegar framsal kvóta var gert leyfilegt, hefur verg hlutdeild fjármagns (EBITDA; hagnaður fyrir fjármagnsgjöld, skatta og afskriftir) sem hlutfall af tekjum í sjávarútvegi verið ríflega 21% að meðaltali.

Framleiðni í íslenskum sjávarútvegi er með því besta sem gerist í heiminum og íslensk sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtæki leggja nú sífellt meiri áherslu á framlaiðslu ferskra gæðaafurða og hámarksnýtingu hráefnis, þó alltaf megi gera betur í þeim eignum. Þróun í átt að lóðréttri samþættingu, þar sem einstök fyrirtæki ná yfir og stjórna fleiri þáttum virðisæðjunnar, hefur meðal annars gert þessa aukna verðmætasköpun mögulega og bætt hæfni íslenskra fyrirtækja til að mæta þörfum viðskiptavina sinna.

Rekstrarafkoma sjávarútvegs var góð á árunum 2009-2011. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum hefur verið nærri 30% á þessu tímabili og

hreinn hagnaður innan greinarinnar aukist talsvert. Líkur standa til að rekstrarafkoma árið 2012 hafi verið góð líkt og síðastliðin ár. Aflabrögð voru með ágætum og þó verð á bolfiski hafi sigið nokkuð á árinu má ætla að aukinn þorskvóti og verðhækkningar á uppsjávartegundum vegi þar upp á móti þegar lítið er á greinina í heild. Veðigjaldsnefnd áætla nú að hagnaður sjávarútvegsins fyrir fjármagnsgjöld, skatta og afskriftir (EBITDA) hafi verið 83 milljarðar á árinu 2012, en meðaltal árunna 2009-2011 er 69 milljarðar samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Þá hafa skuldir sjávarútvegsfyrirtækja lækkað nokkuð síðustu ár eftir að hafa aukist gríðarlega milli árunna 2007 og 2008 í kjölfar efnahagshrunsins og gengisfalls íslensku krónunnar. Hluti greinarinnar glímir þó enn við mikinn skulda- og eiginfjárvanda. Skuldastaða útgerðarfyrirtækja er hins vegar mjög mismunandi og ljóst að á meðan nokkur þeirra eru með öllu skuldlaus eru önnur sem nauðsynlega þarfnast fjárhagslegrar endurskipulagningar.


Hefðbundinn sjávarútvegur, þ.e.a.s. veiðar og vinnsla, stóð undir 9.000 störfum á árinu 2012 en það samsvarar til 5,3% vinnuafis. Fjöldi beinna starfa við sjávarútveg stóð því í stað frá fyrra ári en störf færðust lítið eitt frá veiðum, þar sem þeim fækkaði, og yfir í vinnslu. Rannsóknir benda til þess að sjávarútvegur sé svokölluð grunnatvinnugrein á Íslandi og standi því í raun undir mun fleiri störfum í hagkerfinu en tölur um bein störf gefa til kynna. Fyrrir rannsóknir leiða líkur að því að vegna óbeins framlags sjávarútvegs til landsframlaiðslu og eftirspurnaráhrifa megi áætla að sjávarútvegur standi nú í raun undir 15-20% starfa í landinu, en það samsvarar til 25-35 þúsund starfa.



Útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða námu tæpum 269 milljörðum króna árið 2012 og hafa aldrei verið meiri. Útflutningur sjávarafurða jókst þannig um 6,8% að verðmæti og 11,3% að magni frá fyrra ári. Á föstu verðlagi ársins 2012 miðað við verðvísitölu sjávarafurða jókst útflutningsverðmæti um 4,2% milli ára. Útflutningur sjávarafurða nam 749 þúsund tonnum árið 2012 samanborið við 672 þúsund tonn árið 2011. Útflutningsverðmæti upp á 269 milljarða samsvara 42% heildarvöruútflutningsverðmæta landsins og ríflega fjórðungs heildarútflutningsverðmæta á liðnu ári. Mikilvægi sjávarútvegs og stoðgreina í útflutningi sjávarafurða til öflunar gjaldeyris fyrir þjóðarbúið er því ótvíræður.


Bretland er mikilvægasta einstaka innflutningsland íslenskra sjávarafurða og Evrópa er mikilvægasta markaðssvæðið, en árið 2012 nam útflutningur til Evrópu 79% af heildarútflutningi sjávarafurða. Útflutningur til nýmarkaðsríkja og annarra ríkja utan Evrópu hefur hins vegar vaxið hratt undanfarið, þá sérstaklega útflutningur til Rússlands. Svárvarklasinn á Íslandi á mikið undir því að birti til í efnahagsmálum Evrópu en einnig að sótt verði af krafti inn á vaxandi markaði utan álfunnar. Milli árunna 2011 og 2012 jókst útflutningur til Asíu um 7% og Afríku um 6,2%.

Mynd 2. Rekstrarafkoma og aflabrögð



EBITDA sem hlutfall af tekjum mælir hversu hátt hlutfall tekna er eftir þegar ekki er búið að greiða vexti og skatta, né taka tillit til afskrifta. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi frá innleiðingu aflamarkskerfisins. Heimild: Hagstofa Íslands og Íslandsbanki (2012).

Mynd 3. Útflutningur sjávarafurða og heildarflá




Minnkandi aflabrögð undanfarinn áratug hafa ekki haft teljandi áhrif á magn útfluttra afurða. Verðmæti útfluttra sjávarafurða hafa á sama tíma farið vaxandi, mælt á föstu verðlagi. Heimild: Hagstofa Íslands.

Framleiðni í íslenskum sjávarútvegi er afburðagóð enda hefur hagræðing og bætt nýting hráefna og annarra framleiðsluþátta aukið verðmætasköpun innan greinarinnar umtalsvert þrátt fyrir minnkandi aflaheimildir síðastliðna áratugi. Til marks um þetta var heildaraflí þorsks um 460 þúsund tonn árið 1981 og heildarútlutningverðmæti þess afla um 340 milljónir bandaríkjadala að núvirði. Árið 2011 var heildaraflinn 182 þúsund tonn en útlutningsverðmæti hans um 680 milljónir bandaríkjadala.

Langtímahorfur íslensks sjávarútvegs og klasans í heild eru prýðilegar. Svo sjávarútvegur og tengdar greinar í klasanum styrkist enn frekar og auki alþjóðlega samkeppnishæfni sína þarf nýsköpunarfjárfesting, bætt þjónusta við viðskiptavinum og sókn í markaðsstarfi að vera leiðarljós greinarinnar á komandi árum.

Útlutningsverðmæti hvers þorskilós á Íslandi er nú umtalsvert hærra en í öðrum löndum og fjölbreytileiki og gæði afurðanna gera það að verkum að breytingar í heimsmarkaðsverðum hafa almennt minni áhrif hér á landi en víða annars staðar. Ef svo á að vera áfram þarf að hlúa vel að nýsköpun í sjávarútvegi og stoðgreinum, ekki síst tæknigreinum, og efla samstarf fyrirtækja innan klasans. Þá er gríðarlega mikilvægt að efla enn frekar markaðsstarf erlendis og styrkja ímynd og stöðu íslenskra sjávarafurða í harðnandi samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum. Þá eru mikil tækifæri í aukinni fullvinnslu afurða til útlutnings hér á landi en með aukinni fullvinnslu má auka útlutningsverðmæti afurða mikið.

Mynd 4. Mikilvægustu viðskiptalönd í sjávarútvegi 2012



Bretland er mikilvægasta einstaka innflutningsland íslenskra sjávarafurða og Evrópa er mikilvægasta markaðssvæðið. Þykkt rauðu línanna á myndinni gefur til kynna útlutningsverðmæti.

Sjávarklasinn 2012

Vegna nærverunnar við gjöful mið hafsins hefur íslenskt atvinnulíf þróast með þeim hætti að sjávarútvegurinn myndar nú eina af undirstöðum hagkerfisins. Líkt og þetta rit ber með sér er sagan hins vegar aðeins sögð til hálfis sé einungis horft til hins hefðbundna sjávarútvegs. Umhverfis öfluga grunnatvinnuvegi, líkt og hinn hefðbundna sjávarútveg hér á landi, myndast gjarnan klasar þar sem fjölmörg fyrirtæki verða til í tengslum við grunnatvinnuvegin. Klasar þróast því jafnan þannig að upp spretta ýmis fyrirtæki sem þjónusta grunnatvinnuvegin, sjá honum fyrir aðföngum, vinna frekar úr afurðum hans eða hafa af honum stuðning með öðrum hætti, hvort sem það er varanlegur stuðningur eða tímabundinn stuðningur á fyrstu árum hins nýja fyrirtækis.

Í þessum kafla verður fjallað um fimm ólíka geira íslensks atvinnulífs sem allir tilheyra sjávarklasanum. Sagt er frá helstu fyrirtækjum hvers geira, stöðu þeirra, umfangi og afkomu á árinu 2012. Þá er einnig fjallað nokkuð um möguleika þessara ólíku geira sjávarklasans til framtíðar, tækifæri og áskoranir. Hinn hefðbundi sjávarútvegur býr við verulegar náttúrulegar vaxtartakmarkanir með tilliti til afla. Sjávarklasinn er hins vegar ekki bundinn þessum vaxtartakmörkunum með sama hætti. Gróska innan ólíkra geira sjávarklasans er þar að auki eitt mikilvægsta skilyrði vaxtar innan hins hefðbundna sjávarútvegs, til dæmis með bættri aflanýtingu og þróun tækninýjunga sem auka hagkvæmni veiða og vinnslu. Allar þær stöðgreinar sem hér verður fjallað sérstaklega um eiga það sameiginlegt að hafa þróast í tengslum við sjávarútveginn hér á landi en stunda nú sjálfstæða útflutningsstarfsemi sem líklega nemur samtals um 45-50 milljörðum króna árlega.

Tæknifyrirtæki í örum vexti

Myndarlegur vöxtur einkenndi tæknigeira sjávarklasans á árinu 2012. Heildarvelta þeirra tæplega 70 tæknifyrirtækja sem framleiða og selja vörur undir eigin vörumerki innan sjávarklasans var alls 66 milljarðar á árinu, en það svarar til 13% veltuaukningar frá fyrra ári að núvirði. Er þá aðeins átt við þann hluta heildarveltu fyrirtækjanna sem til er komin vegna viðskipta við sjávarútveginn. Tæknifyrirtæki þessi hanna, þróa og framleiða tæknibúnað og lausnir sem auka með einhverjum hætti gæði vara annarra fyrirtækja í sjávarútvegi eða skilvirkni fyrirtækjanna sjálfra. Afurðir tæknifyrirtækjanna tengdar sjávarútvegi eru til dæmis veiðarfæri, vinnslutæki, umbúðir, kælikerfi, upplýsingakerfi og ýmis annar vél- og hugbúnaður. Flest þessara 70 fyrirtækja stunda nú útflutning í einhverjum mæli og samanlagður fjöldi starfsmanna sem sinna verkefnum tengdum sjávarklasanum innan þeirra er líklega um 1.000 hér á landi og varlega áætlað fjölgaði þeim um 3-4% milli ára.

Marel er stærsta fyrirtækið í flokki tæknifyrirtækja sjávarklasans á Íslandi og meginþorri tekna þess verður nú til utan landsteinanna. Starfsmenn Marels um allan heim eru 4.000 talsins og heildartekjur félagsins árið 2012 námu 714 milljónum evra (115 ma. kr.). Marel er augljósasta dæmið um fyrirtæki sem sprottið hefur upp í tengslum við sjávarútveginn og sjávarklasann hér á landi en í fyllingu tímans vaxið mikið, breikkað vöruúrval sitt verulega og út fyrir sjávarútveg og hafið útflutning og vöxt á erlendri grundu. Marel er nú eitt stærsta fyrirtæki á Íslandi og leiðandi á sínu sviði á heimsvísu.

Annað tæknifyrirtæki sjávarklasans sem nú hefur talsverðar tekjur erlendis er Hampiðjan en velta þess og dótturfyrirtækja var rúmlega 45 milljónir evra (7,2 ma. kr.) á liðnu ári. Samanlögð hlutdeild í heildarveltu Marels og Hampiðjunnar sem rekja má til sjávarútvegs og fiskeldis hér á landi nam alls um 58% af þeim 66 milljörðum sem tæknigeiri sjávarklasans velti á árinu 2012.

Vaxtarkippurinn á liðnu ári var mestur hjá þeim tæknifyrirtækjum sem framleiða búnað til fiskvinnslu og nam veltuaukning slíkrar framleiðslu um 22% milli ára. Veltuaukning fyrirtækja sem hanna og framleiða sérhæfðan búnað fyrir skip nam tæpum 5% en vöxtur í sölu veiðarfæra

” Myndarlegur vöxtur einkenndi tæknigeira sjávarklasans á árinu 2012. Heildarvelta þeirra tæplega 70 tæknifyrirtækja sem framleiða og selja vörur undir eigin vörumerki innan sjávarklasans var alls 66 milljarðar á árinu, en það svarar til 13% veltuaukningar frá fyrra ári.

Tafla 2. Tæknigeiri sjávarklasans 2012

Heildarvelta	66 milljarðar kr.
Fjöldi fyrirtækja	U.þ.b. 70
Fjöldi starfsmanna	1000+

og umbúða var aftur á móti óverulegur. Íslenskur málmíðnaður tengdur sjávarútvegi stendur traustum fótum og um 40 fyrirtæki í málm- og málm-tækniíðnaði flytja nú út eigin vörur tengdar sjávarútvegi.

Í tæknigeira sjávarklasans eru mörg lítil fyrirtæki og ung. 13% veltuaukning milli ára er athyglisverð og til marks um talsverða grósku á þessu sviði hérlendis. Tæknigeira sjávarklasans tekst þannig að vaxa langt umfram sjávarútveginn sjálfan hér á landi enda er vöxtur þeirra aðra röndina knúinn auknum útflutningi, einkum til nærmarkaða. Tækifærin til sóknar virðast mikil en smæð fyrirtækjanna og takmörkuð þekking á markaðs- og sölumálum á erlendum mörkuðum aftrar þeim talsvert auk þess sem svigrúm til nýrra fjárfestinga og áhættusamra þróunarverkefna hefur einnig staðið nokkrum þeirra fyrir þrifum. Klasasamsamstarf tæknifyrirtækja sjávarklasans getur skapað grundvöll fyrir frekari vexti, stórtækari þróunarverkefnum og samstarfsátaki í markaðssetningu erlendis, en öflugt samstarf við útgerðir og fiskvinnslur er einnig afar mikilvægt í þessu samhengi. Sterk tengsl tæknifyrirtækja við einstaka útgerðir og fiskvinnslur

hafa oft á tíðum reynst mörgum þeirra sérstaklega vel í uppbyggingu sinni og vörubrún.

Vísir að öflugtu klasasamstarfi nokkurra tæknifyrirtækja sjávarklasans er nú starfrækt undir nafninu Green Marine Technology. Markmið þess verkefnis er að kynna umhverfisvænar, orkusparandi og hagkvæmar nýjungar tæknifyrirtækjanna og vinna sameiginlega að markaðssetningu þeirra. Þá er einnig markmið verkefnisins að fá útgerðir og vinnslur til að taka stærra þátt í þróun og prófunum á umhverfisvænum og orkusparandi tækninýjungum í veiðum og vinnslu.

Gríðarlega mikilvægt nýsköpunar- og þróunarstarf fer fram innan tæknigeira sjávarklasans, ekki síst með tilliti til breyttra aðstæðna í hafinu og í orku- og umhverfismálum í framtíðinni. Ætli íslenskur sjávarútvegur að skipa sér áfram í fremstu röð þarf að efla samstarf útgerðarinnar við tæknigeirann frekar á sama tíma og tæknifyrirtækin sjálf þurfa að hafa frumkvæði að auknu samstarfi sín á milli, til dæmis í markaðsmálum erlendis. Víst er að talsverð tækifæri eru í frekari vexti fjölmargra tæknifyrirtækja sjávarklasans á næstu árum.



Líftækni, nýting aukaafurða og fullvinnsla

Sjávarútvegurinn býr við náttúrulegar takmarkanir og takmarkaða vaxtarmöguleika með tilliti til afla. Hámörkun virðis þess afla sem kemur á land með aukinni vinnslu áður en aflinn er seldur og bættri nýtingu aukaafurða eru því meðal allra mikilvægstu vaxtartækifæra sjávarútvegsins og sjávarklasans í heild. Íslensk fyrirtæki standa framarlega á merinni þegar kemur að nýtingu aukaafurða þó ljóst sé að gera má miklu betur í þeim efnum. Með aukaafurðum er átt við haus, slóg, roð, bein, klær og annað sem til fellur við hefðbunda framleiðslu og verkun sjávarfangs. Þessar afurðir, sem oftast en ekki hafa endað fyrir borð eða verið urðaðar, er hægt að nýta við margvíslega framleiðslu en framleiðslumöguleikar með aukaafurðir eru meðal annars lyfjaframleiðsla, plástrar, krem og aðrar heilsu- og lækningavörur, snyrtivörur, bragðefni, prótein og önnur fæðubótarefni, dýrafóður og áburður, svo eitthvað sé nefnt.


Að minnsta kosti 35 fyrirtæki starfa nú við fullvinnslu óhefðbundinna afurða af einhverju tagi á Íslandi, allt frá hausþurrkun og lifrarniðursuðu til framleiðslu græðandi plástra og húðkrema. Samanlögð velta þessara fyrirtækja á árinu 2012 var 22 milljarðar króna og jókst um 17% frá fyrra ári. Aukaafurðir sem annars færu í súginn eru mikilvægur þáttur í framleiðslu og vöruþróun margra þessara fyrirtækja. Líftækni og líftæknirannsóknir gegna lykilhlutverki við bættu og framsækna nýtingu aukaafurða og aðra hámarksnýtingu hráefnis. Með framförum og rannsóknum í líftækni má greina og einangra lífvirk efni aukaafurða og annarra ónýttu hráefna og þannig skapa fjölmörg tækifæri til vöruþróunar og verðmætasköpunnar. Sjávarlíftæknisetrið BioPol var stofnsett með þessa sýn að leiðarljósi fyrir nokkrum misserum og Matis vinnur á hverju ári rannsóknar- og þróunarverkefni í samstarfi við nýsköpunarfyrirtæki á sviði fullvinnslu afurða og hámarksnýtingu hráefnis.

Codland

Klasasamstarf í sjávarútvegi er þegar farið að bera ávöxt og á árinu 2012 var fullvinnslufyrirtækið Codland sett á laggirnar í Grindavík. Codland er samstarfsverkefni íslenska sjávarklasans og sjö fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdri framleiðslu og er ætlað að stuðla að stórbættri nýtingu afurða þorsksins með áherslu á aukaafurðirnar. Codland er þannig vísir að fullburða fullvinnsluklasa sem vaxið getur hratt á næstu árum. Innan Codland er stefnt að því að þær aukaafurðir sem til falla við hefðbunda framleiðslu þorsks verði nýttar í þróun og framleiðslu hágæða söluvara sem hámarka virði afurðanna, til dæmis með framleiðslu lyfja, lækninga- og heilsuvara. Með þessu er ætlunin að tvöfalda virði hvers þorsks sem landað er á Íslandi.


Innan Codland starfa nú fyrirtæki á borð við Zymetech sem nota ensím sem unnin eru úr þorski til framleiðslu á græðandi og rakagefandi húðvörum, North Taste sem framleiðir náttúruleg bragðefni unnin úr þorski og Ægir Seafood sem framleiðir niðursoðna, reyktu þorskalifur. Framleiðsla og sala ýmissa ólíkra vara sem unnar eru úr aukaafurðum þorsksins eru því þegar hafnar. Þá vinnur Codland að uppsetningu sérhannaðrar heilsuvöruverksmiðju sem nýta aukaafurðir þorsks.

Útflutningsverðmæti þurrkaðra þorskhausa




Á árinu 2012 fengust 6,2 ma. kr. í útflutningstekjur af þurrkuðum þorskhausum. Langmest er flutt út til Nígeríu. Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 5. Nýting aukaafurða



Nýting aukaafurða sem falla til við hefðbunda fiskverkun hefur aukist mikið undanfarið. Þessi mynd sýnir verðmæti aukaafurða skv. vigrar- og ráðstöfunarskýrslum, endanleg sölu- og útflutningsverðmæti afurðanna eru umtalsvert hærrí. Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 6. Heimsmarkaðsverð á fiskimjöli



Fiskimjöl er dæmi um hefðbunda vöru sem hægt er að framleiða úr aukaafurðum. Verð á fiskimjöli náði sögulegu hámarki í desember 2012. Fiskimjöl er aðallega notað sem fóður í fiskeldi og hefur eftirspurn aukist mikið nýverið, sérstaklega í Asíu. Framboð hefur minnkað frá helstu framleiðslulöndum en aukist á Íslandi sökum aukins síldar- og makrílafla.

Nokkur fyrirtæki sjávarklasans á sviði fullvinnslu og líftækni standa framarlega í alþjóðlegum samanburði. Lýsi hf. er leiðandi á heimsvísu á sviði vöruþróunar og framleiðslu á fiskiolíum, auk þess að framleiða fæðubótarefni og vítamín. Velta Lýsis var 7,6 milljarðar árið 2012, jókst um nærri 30% milli ára og framleiðslugeta fyrirtækisins tvöfaldaðist á árinu með opnun nýs framleiðslurýmis. 92% framleiðslu Lýsis er flutt út. Akraborg hefur í 20 ár verið leiðandi í framleiðslu og sölu niðursoðinnar þorskalifur og er nú stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum. Starfsmenn fyrirtækisins eru nærri 40 og um 11 milljón dósir eru framleiddar þar árlega. Haustak, stærsta fiskþurrkunarfyrirtæki landsins, veitir 3-4 milljörðum árlega og er nú með um 50 starfsmenn á Reykjanesi og á Egilstöðum. Þá hafa náð fótfestu nokkur fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem byggja á líftækni-rannsóknunum. Í þeim hópi eru meðal annars fyrirtækin Marinox, Primex, Zymetech (Ensímtækni), Kerecis og North Taste. Almennit má segja að líftækni-geiri sjávarklasans sé í gerjun og stækki samhliða viðleitni innan sjávarklasans til að nýta betur aukaafurðir og önnur hráefni sem ekki hafa haft skilgreint eða þekkt notagildi áður. Menntun starfsfólks er algjört lykiltríði svo þessi sproti sjávarklasans fá notið vaxtarmöguleika sinna, sem og aukin þekking og hæfni í markaðsmálum.

Aflánýting íslensks sjávarútvegs er góð í samanburði við nágretta okkar í Norður-Atlantshafinu. Fyrir hvert tonn af þorski sem landað er á Íslandi fæst umtalsvert meira af seljanlegum afurðum en úr hverju tonni sem landað er í nágrenni löndunum. Þá hefur aflánýting ýsu sem landað er á Íslandi stórbatnað á undangengnum árum, raunar jókst aflaverðmæti hvers tons af ýsu um þriðjung mælt í evrum á tímabilinu 2008-2012. Í þessum efnum má þó gera mun betur, bæði með því að vinna afurðirnar frekar áður en þær eru seldar úr landi og með því að nýta áður ónýttar aukaafurðir til verðmætrar framleiðslu.

Það er engum vafa undiropið að gríðarleg tækifæri liggja á sviði fullvinnslu sjávarafurða og bættri nýtingu aukaafurða til verðmætasköpunar. Þau tækifæri verða þó ekki að veruleika að sjálfu sér heldur þarfnast þau oft mikillar vinnu og þolinmóðs fjármagns í rannsóknar- og þróunarstarf. Hér er um augljósan vaxtarsprota að ræða sem mun þarfnast fjármagns á komandi árum. Miklir hagsmunir eru í húfi að þróun í átt að bættri aflánýtingu haldi áfram og að vel takist til við verðmætahámarkun þess takmarkaða afla sem landað er ár hvert, ekki síst þegar litið er til þess hve mikið má auka útflutningstekjur þjóðarbusins með þessum hætti.

Veiðigjald

Veiðigjald er nú lagt á útgerðir með tvennum hætti, með almennu veiðigjaldi og sérstök veiðigjaldi. Almenna veiðigjaldinu er ætlað að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu en sérstaka veiðigjaldið á að tryggja þjóðinni hlutdeild í þeim umframarði sem nýting takmarkaðra auðlinda getur skapað.

Frá 2012 hefur almenna veiðigjaldið verið 9,5 krónur á hvert þorskígildiskíló, en þorskígildi er mælikvarði sem notaður er til að bera saman verðmæti ólíkra tegunda. Þorskígildiskíló er þannig það aflamagn tiltekinnar tegundar sem telst jafn verðmætt og eitt kíló af þorski. Álagt almennit veiðigjald nam 3,7 milljörðum króna fiskveiðiárið 2012/2013.

Álagt sérstakt veiðigjald nam 9,7 milljörðum króna en lækkun vegna vaxtakostnaðar var 2,7 milljarðar. Alls nam veiðigjaldið því 10,7 milljörðum króna fiskveiðiárið 2012/2013 og þegar við bætist álagning vegna ókvótubundinna tegunda og tegunda utan kvóta nú síðar á þessu ári mun álagt veiðigjald líklega nema um 13 milljörðum fyrir fiskveiðiárið sem lauk í ágúst 2013.

Bráðabirgðaákvæði í lögum kveða á um að fiskveiðiárið 2013/2014 muni sérstaka veiði-gjaldið vera 7,38 kr. á hvert þorskígildiskíló í botnfiskveiðum og 38,25 kr. á hvert þorskígildiskíló í uppsjávarveiðum. Að viðbættu almenna veiðigjaldinu, sem helst óbreytt, gera áætlanir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldinu verði þá 9,8 milljarðar króna fiskveiðiárið 2013/2014.

Þá hefur ríkisstjórnin boðað heildarendurskoðun laganna á kjörtímabilinu.

Flutningar og vörustjórnun


Flutningar, samgöngur og vörustjórnun eru afar mikilvægar atvinnugreinar í íslensku efnahagslífi, ekki aðeins vegna stærðar atvinnugreinanna sjálfra, heldur einnig vegna hlutverks þeirra við að tengja aðrar atvinnugreinar saman og tryggja hreyfanleika varnings og fólks. Án flutninga og samgangna gætu hvorki hráefni né vinnuafli komist þangað sem þeirra er þörf. Undir þessa starfsemi falla flutningar á landi, sjó og í lofti, hafnir, flugvellar, vöruhús, flutningsmiðlanir, umskipun og annað slíkt.

Sjávarútvegur er í eðli sínu mjög háður góðum samgöngum og flutningum og að sama skapi er stór hluti af starfsemi í flutningum og vörustjórnun á Íslandi komin til vegna viðskipta við sjávarútveg. Um það bil 35% af útflutningsmagni árið 2012 voru sjávarafurðir og um 90% af öllum vöruútflutningi flugleiðis var með ferskar sjávarafurðir, svo dæmi séu tekin.

Hagstofa Íslands birtir upplýsingar um heildarveltu í atvinnugreinum. Þar má finna upplýsingar um veltu í flutningum með flugi, á landi, sjó og vatnaleiðum og vöruhegningu og stoðstarfsemi fyrir flutninga. Heildarvelta flutninga á landi, sjó og vatnaleiðum jókst um rúmlega 8 milljarða króna milli árána 2011 og 2012, eða úr 61,8 milljörðum í 70,1 milljarð. Velta í flutningum með flugi hefur aukist mikið síðastliðin ár og fór úr 136 milljörðum króna í 166 milljarða milli árána 2011 og 2012, en sú auknist skýrist fyrst og fremst af vexti í farþegaflugi. Velta í vöruhegningu og stoðstarfsemi fyrir flutninga jókst úr 30,4 milljörðum í 34,1 milljarða milli árána 2011 og 2012.

Tafla 3. Flutningar og vörustjórnun 2012

Heildarvelta í flutningum, vöruhegningu og stoðstarfsemi	271 milljarðar kr.
Fjöldi starfsmanna í samgöngum og flutningum	11.700
Áætluð velta í flutningum með sjávarafurðir	17 milljarðar kr.
Hlutfall sjávarafurða í útflutningi (magn)	35%
Útflutningur	2,2 milljón tonn
Fjöldi hafna	78
Heildarvelta í hafnastarfsemi (2012)	7 milljarðar kr.



Rannsóknir Íslenska sjávarklasans sýna að u.þ.b. 20% af heildarveltu í flutningsþjónustu og miðlun megi rekja beint til viðskipta við sjávarútvegsfyrirtæki. Þá má rekja 7-8% af heildarveltu í samgöngum á landi, sjó og á vatnaleiðum til viðskipta við sjávarútveg. Um 40% af veltu í fraktflugi er komin til vegna flutninga á sjávarafurðum. Af þessu má áætla að heildarvelta í flutningum og tengdri starfsemi með sjávarafurðir hafi verið í kringum 17 milljarða króna á árinu 2012.

Samkvæmt Hagstofu Íslands störfuðu 11.700 manns við samgöngur og flutninga á árinu 2012, sem er aukning um 400 manns frá árinu áður og samsvarar 6,9% af vinnuafli á Íslandi.

Stærstu skipafélögin á Íslandi eru Eimskip og Samskip en auk þess eru hér starfandi Nesskip, sem er hluti af norska flutningafyrirtækinu Wilson Euro Carriers og skipafélagið Nes sem gerir út þrjú lausavöruskip. Samanlögð heildarvelta Eimskips og Samskipa var rúmlega 152 milljarðar króna á árinu 2012 en yfir helmingur þeirrar veltu var vegna erlendra starfsemi. Eimskipafélag Íslands hf. var skráð í Kauphöll Íslands 16. nóvember 2012 og hafa hlutabréf í félaginu hækkað umtalsvert frá skráningu, eða um 21%. Samkvæmt upplýsingum frá skipafélögunum má áætla að allt að 2/3 hlutar erlendra veltu megi rekja til flutninga með sjávarafurðir.


Á Íslandi eru starfandi tvö flugflutningafélög, Icelandair Cargo sem er hluti af Icelandair samsteypunni og Bluebird Cargo. Auk þess bjóða öll innanlands- og millilandaflugfélögin upp á flutningsrými í vélum sínum, en það eru Icelandair, Wowair, Flugfélag Íslands, Eyjaflug, Flufélagið Ernir og Norlandair.

Í flutningum á landi eru Flytjandi (Eimskip) og Landflutningar-Samskip stærstu rekstraraðilarnir. Á eftir koma til að mynda Íslandspóstur og mörg minni og staðbundin landflutningafyrirtæki. Þar má nefna Lífæð sem er í eigu Samskipa og annast fiskdreifingu félagsins innanlands, Jón og Margeir sem sinnir fiskflutningum milli Grindavíkur og Reykjavíkur og Nesfrakt sem sinnir flutningum til og frá Austurlandi. Þá eru stærstu flutningsmiðlunarfyrtækin TVG-Zimsen og Jónar Transport. Auk þess sinna félög á borð við IceTransport, Thorship og Frakt.is alhliða flutningsmiðlun. Ekki má gleyma Olíudreifingu sem er eitt stærsta fyrirtækið í flutningum og vörustjórnun á Íslandi en það annast dreifingu og birgðahald á eldsneyti fyrir eigendur sína, N1 hf. og Olíuverslun Íslands hf.


Næri 80 hafnir eru starfandi á Íslandi í um 40 hafnarsjóðum. Flestar þeirra eru fiskihafnir en 20 stærstu hafnirnar meðhöndla yfir 95% af öllum sjávarafurðum og vörum sem um íslenskar hafnir fara. Heildarvelta íslenskra hafna árið 2012 var 6,97 milljarðar króna.

Horfur í flutningum og vörustjórnun eru betri nú en á undangengnum árum, þó margt bendi til að næstu ár verði nokkuð torveld. Íslenskar hafnir eru margar reknar með miklum halla og ljóst er að til hagræðingar og sameiningar þarf að koma á næstu árum. Horfur í fólksflutningum um Ísland eru góðar, enda gera flestar spár ráð fyrir áframhaldandi vexti í ferðaþjónustu á Íslandi. Öðru máli kann að gegna um flugfrakt sem hefur staðið höllum fæti á heimsvísu frá hrúni auk þess sem ekki lítur út fyrir að framleiðsla og útflutningur á ferskum sjávarafurðum muni aukast mikið á komandi árum, en þessar afurðir telja um 90% af öllum útfluttum vörum með flugvélum frá Íslandi.

Mynd 7. Vöruflutningar um hafnir



Mynd 8. Heildarvelta í flutningum



Skipafélögin tvö, Eimskip og Samskip starfa að stórum hluta á alþjóðavísu og myndu þar flokkast sem meðalstór fyrirtæki. Samkeppni í skipaflutningum er geipilega hörð sem má sjá á þeim mörgu sameiningum og samrunum sem til hefur komið á síðustu árum. Félögin standa þó bæði ágætlega og efldu starfsemi sína á árinu 2012.

Um allan heim heyrast áhyggjur af því að litlar fjárfestingar stjórnvalda í innviðum frá fjármálakreppunni 2008 muni valda því að innviðir beri ekki aukið magn flutninga í náninni framtíð. Ísland er þar ekki undantekning. Framlag ríkisins til uppbyggingar í innviðum hefur dregist verulega saman á undanförunum árum. Því hefur verið haldið fram að framkvæmdafé til flugmála sé komið undir ásættanleg mörk og ljóst er að á næstu árum er þörf á dýpkun í þónokkrum höfnum.

Sala og markaðsstarfsemi

Markaðsmál íslenskra sjávarafurða voru í deiglunni á árinu 2012 enda virðast margir sammála um að gera megi talsvert betur í markaðssetningu íslenskra afurða og skapa þeim traustari ímynd í harðnandi samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum. Nú eru starfrækt á fjórða tug fyrirtækja á Íslandi sem stunda sölu og markaðssetningu sjávarafurða og nokkur þeirra selja einnig fisk sem veiddur er utan lögsögu Íslands.

Í hópi sölufyrirtækja með íslenskar sjávarafurðir eru tveir risar, Icelandic Group og Iceland Seafood International (ISI), en samanlögð velta þeirra á árinu 2012 var um 120 milljarðar króna. Icelandic Group hefur farið í gegnum mikla endurskipulagningu undanfarin ár sem nú sér fyrir endann á. Starfsmenn félagsins eru nú um 1.700 í níu löndum og heildarveltan um 90 milljarðar árlega. Söluverðmæti afurða ISI jókst um 12% milli ára, nam alls um 180 milljónum evra (29 ma. kr.) árið 2012 og söluteymi fyrirtækisins hér á landi var styrkt á árinu.



Stóraukinn þorskaflí Rússa og Norðmanna í Barentshafi undanfarið, harðnandi samkeppni og fremur neikvæðar horfur í efnahagsmálum helstu viðskiptalanda hafa beint kastljósinu að markaðssetningu íslenskra sjávarafurða. Við aðstæður sem þessar, þegar framboðsaukning er mikil á skömmum tíma, samkeppni eykst og neikvæður þrýstingur er á verð, fælist mikill styrkur í því að íslenskar afurðir byggju yfir meiri sérstöðu í hugum neytenda sem héldu þá frekar tryggð við íslenskar vörur. Og þó íslenskur sjávarútvegur og sjávarafurðir hafi almennt á sér gott orð erlendis virðist sýnileiki vörumerkisins Ísland vera nokkuð ábótavant á þessum vettvangi og aðgreining íslenskra afurða ekki nægilega mikil frá afurðum samkeppnisaðila. Flestir virðast þannig sammála um að íslenskir framleiðendur og afurðir hafi tapað hluta þeirrar markaðsstöðu sem þær eitt sinn höfðu, þó enn sé hún sterk á mörgum sviðum. Því má vera ljóst að stór og ónýtt tækifæri felast í bættu markaðsstarfi með íslenskar sjávarafurðir, ekki síst samstilltu markaðsstarfi þar sem margir hagsmunaaðilar taka höndum saman og dreifa með sér áhættu en njóta jafnframt ábatans sameiginlega.

Í þessu samhengi er mikilvægt að gera greinarmun á sölustarfi annars vegar og markaðssetningu hins vegar, þar sem mun meira svigrúm er til samvinnu fyrirtækja, og opinbera aðila eftir atvikum, í markaðsmálum og hægt að vinna að sameiginlegum hagsmunum án hagsmunaárekstra. Þannig mætti styrkja stöðu og ímynd íslenskra afurða almennt, leggja frekari áherslu á gæði, uppruna og hreinleika vara, en einnig vekja meiri athygli á því afhendingaröryggi og áreiðanleika sem íslenskir framleiðendur búa yfir umfram marga samkeppnisaðila sína. Auk þess felast sóknartækifæri í því að leggja áherslu á þá ábyrgu og sjálfbæru umgengni við nytjastofna sem íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið felur í sér.

Á undanförunum misserum hafa verið stigin mikilvæg skref til að efla kynningar- og markaðsstarf íslenskra

sjávarafurða með öll þessi atriði í huga. Upprunamerkið *Iceland Responsible Fisheries* er liður í þessu en það auðkennir afurðir sem unnar eru úr afla í íslenski lögsögu auk þess að veita möguleika á vottun þriðja aðila á sjálfbærni veiðanna. Markmið verkefnisins er að íslenskur sjávarútvegur verði þekktur fyrir ábyrgar veiðar og að það efli einnig innra starf fyrirtækja í umhverfismálum. Á sama tíma er blásið til sóknar í kynningarmálum erlendis en Íslandsstofa hefur umsjón með markaðs- og kynningarmálum upprunamerkins. Í tengslum við *Iceland Responsible Fisheries* hefur Íslandsstofa hafið samstarf við Íslenska saltfiskframleiðendur um sameiginlegt markaðs- og kynningarátak fyrir íslenskar saltfiskafurðir í Suður-Evrópu. Þá er einnig hafin vinna við framtíðarstefnumörkun í markaðssetningu og vörumerkingum íslenskra sjávarafurða á erlendri grundu. Á árinu 2013 mun Íslandsstofa því hafa ríflega 100 milljónir króna til ráðstöfunar í verkefni tengd kynningu og markaðsstarfi íslenskra sjávarafurða. Sé kostnaður við starfsfólk, aðstöðu og fleira tekin með er virði verkefnanna um 170 milljónir króna. Vonir standa því til að nú sé að hefjast stóraukið og bætt markaðsstarf með íslenskar sjávarafurðir erlendis.

Innan sjávarklasans í heild skortir nokkuð á þekkingu og hæfni í markaðsmálum erlendis. Íslensku sölu- og markaðsfyrirtæki, líkt og Icelandic Group og ISI, eru þó dæmi um sterk fyrirtæki sem hafa náð miklum árangri í markaðsstarfi sínu og þjónustuframboði og hafa því traust viðskiptasambönd. Áratuga reynsla af sölu fiskafurða er í mörgum fyrirtækjum en sóknartækifærin í harðnandi samkeppnisumhverfi eru þó augljóslega til staðar. Þegar kemur að smærri þekkingarfyrirtækjum sjávarklasans, svo sem tæknifyrirtækjum, skortir ekki aðeins hæfni í markaðsmálum heldur einnig fjármagn til markaðssóknar erlendis. Klasasamstarf gæti opnað íslenskum fyrirtækjum fleiri möguleika í þeim efnum.



Tafla 4. Fiskeldi 2012

Útflutningsverðmæti	6-9 milljarðar kr.
Framleitt magn	7.850 tonn
Eldisstöðvar í fullum rekstri	52
Starfsmenn	250

Miklir vaxtarmöguleikar fiskeldis

Eftir nokkra þrautagöngu við uppbyggingu fiskeldis hér á landi berast nú jákvæðar fréttir af áformum um framtíðaruppbyggingu greinarinnar. Á árinu 2012 var um 7.850 tonnum af eldisfiski slátrað sem er 57% aukning frá fyrra ári, en taka verður tillit til þess að framleiðslumagnið getur sveiflast mikið milli ára. Lax og bleikja eru þær tegundir sem mest er framleitt af hér á landi og framleiðsla beggja tegunda var ríflega 3.000 tonn á síðasta ári. Bleikjueldið hefur náð nokkurri kjölfestu og framleiðsla hennar hér á landi er stöðug og ábatasöm. Ísland er nú í fremstu röð í bleikjueldi og Íslandsbleikja í Grindavík er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi. Möguleikar eru á frekari uppbyggingu bleikjueldis enda þekkingin til staðar hér og eftirspurnarskilyrði á mörkuðum erlendis ágæt. Ekki er þó gert ráð fyrir að bleikjueldið vaxi að sama marki og laxeldið á næstu misserum. Þorskeldi er talsvert skemmra á veg komið.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um tekjur fiskeldisgreinarinnar en ætla má að þær séu nú á bilinu 6-9 milljarðar á ári. Starfsmenn eru um 250 og fer fjölgandi samfara auknum umsvifum. Fiskeldisstöðvar eru flestar staðsettar á Vestfjörðum og Austfjörðum og geta haft mikla þýðingu fyrir lítil sveitarfélög sem glíma við fólksfækkun og erfitt efnahagsástand. Samfélagslega mikilvæg tækifæri geta því falist í frekari uppbyggingu arðbærs fiskeldis á landsbyggðinni.


Áætlanir gera ráð fyrir að um 8.500 tonnum af eldisfiski verði slátrað á þessu ári og 12.800 tonnum á því næsta. Þessi hraða framleiðsluaukning er að mestu rakin til aukins laxeldis. Á árinu 2012 voru 52 fiskeldisstöðvar

í fullum rekstri. Heilt yfir litið var árið gott í greininni, engir alvarlegir smitsjúkdómar komu upp og tíðarfar var með ágætum. Á árinu 2011 lækkuðu verð á eldisfiski á heimsmarkaði hins vegar mikið og sú þróun hélt áfram á árinu 2012. Þá eru efnahagshorfur í mörgum af helstu viðskiptalöndum enn nokkuð viðsjárverðar og hik á mörkuðum. Þessi neikvæða þróun hefur þegar sett strik í reikning fyrirhugaðra stækkunaráforma í greininni hér á landi, í það minnsta til skamms tíma.

Fjárfestingaáformin sem lesa má út úr gögnum um leyfisumsóknir til fiskeldis gefa til kynna að árið 2030 geti framleiðsla eldisfisks verið allt að því 40-50 þúsund tonn á ári og að árstekjur greinarinnar verði þá um 30 milljarðar að núvirði. Gert er ráð fyrir að framleiðsluaukningin verði að mestu í laxeldi en til marks um það eru nú í pípunum níu strand- og landeldisstöðvar sem hver um sig getur framleitt 1-10 þúsund tonn af Atlantshafslaxi og silfurlaxi. Framkvæmdir eru hafnar á nokkrum þeirra. Þá fer eldi regnbogasilungs einnig vaxandi. Á þessu ári hefst einnig í fyrsta sinn hér á landi eldi á Senegalflúru í heitum jarðsjó á Reykjanesi.

Fiskeldi er vaxandi grein um allan heim og hefur í raun vaxið gríðarlega hratt síðan 1980. Heimsaflinn er nú um 60 milljónir tonna árlega en var 16 milljón tonn árið 1996. Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og

Mynd 9. Mögulegur vaxtarferill fiskeldis



Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá júní 2013 er því spáð að neysla eldisfisks í heiminum verði meiri en neysla úr villtum stofnum strax á árinu 2015. Þá er því enn fremur spáð að fiskeldi muni halda áfram að vaxa hratt eða um 2,4% árlega næsta áratuginn. Norðmenn standa öðrum Evrópuþjóðum framar í fiskeldi og flytja út um milljón tonn af eldislaxi ár hvert.

Margt bendir því til þess að uppbygging og aukin framleiðsla sé það sem koma skal næstu 10-15 árin í fiskeldi á Íslandi. Í ljósi reynslunnar er þó einnig ástæða til að stilla væntingar í hóf. Óumdeild tækifæri liggja í uppbyggingu fiskeldis hér á landi en svo nýta megi þessi tækifæri með hagkvæmum hætti er nauðsynlegt að læra af reynslunni og halda áfram mikilvægum rannsóknar- og þróunarverkefnum tengdum fiskeldi. Fjölmörg slík verkefni hafa verið framkvæmd undangengin ár en þau snúa allt í senn að kynbótum, fódurbestun, bestun eldisferlisins, sjúkdómsvörnum og markaðsmálum. Þá er nauðsynlegt að huga að umhverfismálum og leita allra leiða til að vernda villta laxastofna og þau miklu verðmæti sem í þeim felast.

Gangi áform um fjölgun eldisstöðva og framleiðslu- aukningu eftir gæti það skapað talsverðar tekjur fyrir þjóðarbúið í formi gjaldeyris og á sama tíma verði mikilvægur hlekkur í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.

”Fjárfestingaáformin sem lesa má út úr gögnum um leyfisumsóknir til fiskeldis gefa til kynna að árið 2030 geti framleiðsla eldisfisks verið allt að því 40-50 þúsund tonn á ári og að árstekjur greinarinnar verði þá um 30 milljarðar að núvirði.





Efnahagsleg umsvif sjávarklasans og framlag til landsframleiðslu 2012


Rannsóknir renna föstum stoðum undir þá kenningu að sjávarútvegurinn sé grunnatvinnuvegur á Íslandi. Það merkir að heildarframlag sjávarútvegsins til landsframleiðslunnar er hærra en sem nemur þeim virðisauka sem myndast í greininni sjálfri. Hlutfallslegt mikilvægi sjávarútvegsins er þannig vanmetið sé einungis horft til beinnar hlutdeildar veiða og vinnslu í landsframleiðslu, því fjölbreytt atvinnustarfsemi hefur sprottið upp í kringum hinn hefðbunda sjávarútveg, sér honum fyrir aðföngum, vinnur úr afurðum hans og þrífst að stærstum hluta aðeins fyrir tilstilli hans. Sjávarklasinn hefur þannig meðal annars þróast með breyttu rekstrarfyrirkomulagi, sérhæfingu fyrirtækja og úthýsingu verkefna til þeirra. Margþætt atvinnustarfsemi hefur þannig vaxið kringum hinn hefðbundna sjávarútveg og fjöldi fyrirtækja eru nú ekki lengur háð hinum innlenda sjávarútvegi í sama mæli og áður heldur stunda einnig sjálfstæðan útflutning.

Það að sjávarútvegurinn sé grunnatvinnuvegur er því grundvallarforsenda þess að skynsamlegt sé að leggja mat á óbeint framlag hans til landsframleiðslu og eftirspurnaráhrif, auk hinnar sjálfstæðu útflutningsstarfsemi, enda gengið út frá því að án sjávarútvegsins hefði þessi afleidda starfsemi tæpast orðið til og annað ekki komið í hennar stað í sama mæli.

Til að meta raunveruleg heildarumsvif sjávarútvegsins og þýðingu hans fyrir þjóðarþúskaþinn þarf því að horfa til fleiri þátta en beins framlags hefðbundins sjávarútvegs til landsframleiðslunnar. Mat á heildarframlagi sjávarútvegsins til landsframleiðslunnar fæst með því að taka tillit til eftirfarandi þátta:

- 1. Beint framlag sjávarútvegs**
Sá virðisauki sem skapast í grunnatvinnuveginum sjálfum í formi launagreiðslna og hagnaðar. Þetta framlag er því jafnt hlutdeild hefðbundins sjávarútvegs í landsframleiðslunni.
- 2. Óbeint framlag sjávarútvegs**
Sá virðisauki sem skapast í atvinnugreinum sjávarklasans sem sjá sjávarútveginum fyrir aðföngum eða vinna frekar úr afurðum hans. Hér er því reynt að meta virðisauka annarra atvinnugreina sjávarklasans sem til verður vegna viðskipta við sjávarútvegin.
- 3. Eftirspurnaráhrif**
Sá virðisauki sem skapast í þeim atvinnugreinum sem sjá starfsfólki í sjávarútvegi og sjávarklasnum fyrir vöru og þjónustu.

Mynd 10. Framlag sjávarútvegs til VLF á þáttavirði og hlutdeild sjávarútvegs í VLF



Hlutur hefðbundins sjávarútvegs í vergri landsframleiðslu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Árið 2012 var hlutur hefðbundins sjávarútvegs 11,3% og hefur ekki verið hærri í áratug.

* Virðisauki á þáttavirði fyrir árið 2012 er áætlaður af Íslenska sjávarklasnum.

Beint framlag

Beint framlag sjávarútvegsins til landsframlaiðslu árið 2012 er áætlað 11,3%. Árið 2011 var framlagið metið 11% af landsframlaiðslu og vex því um tæp 3% milli ára. Hlutdeild veiða og vinnslu í landsframlaiðslu hefur ekki verið hærra síðan 2001 og hefur stækkað talsvert mikið frá sögulegu lágmarki sínu árið 2007 þegar hún mældist 6%. Beint framlag er einfaldlega sá virðisauki sem myndaður er í greininni í formi launagreiðslna og hagnaðar. Ójafnvægi í þjóðarþúskapnum árin 2002-2007 og sveiflur í gengi krónunnar skýra að stærstum hluta þær sviptingar sem orðið hafa á hlutfallslegu framlagi sjávarútvegs til landsframlaiðslunnar undanfarin áratug, en meðaltal árána 1973-2011 er 12,4%. Frá síðustu aldamótum hækkaði virðisauki í öðrum greinum að jafnaði hraðar en í sjávarútvegi, svo hlutur sjávarútvegs í landsframlaiðslu skrápp saman frá ári til árs. Sterkt raungengi krónunnar gerði það einnig að verkum að framlagið sjálft til landsframlaiðslu, mælt á föstu verðlagi, seig nokkuð á þessu tímabili. Frá 2008 hefur þessi þróun snúið við. Á meðan talsverður samdráttur var í landsframlaiðslu 2009 jókst framlag sjávarútvegsins að raunvirði til landsframlaiðslunnar mikið. Hlutdeild sjávarútvegs í landsframlaiðslu óx þá einnig hratt tvö ár í röð frá 2007 til 2009, og er enn í vexti.

Óbeint framlag

Óbeint framlag sjávarútvegsins til landsframlaiðslu er sá virðisauki sem myndast í atvinnugreinum sjávarklasans sem rekja má til viðskipta við sjávarútveginn. Óbeina framlagið er ekki reiknað af Hagstofu Íslands en unnt er að áætla það sem margfeldi þess virðisauka sem myndast í hinum ýmsu atvinnugreinum klasans og hlutdeildar sjávarútvegsins í heildarveltu þeirra. Forsenda slíks mats er að virðisauki í viðskiptum við sjávarútveginn sé að jafnaði sá sami og í öðrum viðskiptum. Mat á óbeinu framlagi sjávarútvegs til landsframlaiðslu er því ein leið til að slá tölu á umfang þeirrar fjölbreyttu starfsemi sem íslenskur sjávarútvegur getur af sér með viðskiptum sínum innanlands. Stærð sjávarklasans kemur því í ljós við þessa athugun og um leið fæst ágæt mynd af hlutfallslegu mikilvægi sjávarútvegsins hér á landi og hvernig fjölmörg fyrirtæki á ólíkum sviðum hafa sprottið upp í tengslum við sjávarútveginn og hafa tekjur af viðskiptum við hann, ýmist með því að sjá honum fyrir aðföngum, þjónusta hann beint eða vinna frekar úr afurðum hans. Nokkur fjöldi þessara

Hvað er sjávarklasi?

Með hugtakinu sjávarklasi er átt við hinn hefðbundna sjávarútveg og alla þá framlaiðslu-starfsemi sem hann stendur undir beint og óbeint. Þar með talin er sú framlaiðslustarfsemi sem telja má afsprengi sjávarútvegs í þeim skilningi að í upphafi þjónaði hún innlendum sjávarútvegi en hefur síðan þróast í að standa á eigin fótum og jafnvel hafið eigin útlutning. Ýmis konar rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi, fjöldi hátækniyrirtækja, starfsemi nokkurra líftækniyrirtækja, fiskeldi sem og flutninga- og hafnarstarfsemi af ýmsum toga falla því undir sjávarklasann hér á landi, svo nokkur dæmi séu nefnd.

fyrirtækja hefja með tímanum sjálfstæðan útlutning á vörum sínum og þjónustu, breikka vöruframboð sitt og fara þannig með annan fótinn út fyrir sjávarklasann þegar þau eflast og styrkjast.

Í greiningu *Íslenska sjávarklasans* á heildarframlagi sjávarútvegs til landsframlaiðslu á árinu 2010 fór fram umfangsmikil gagnasöflun til að meta óbeint framlag sjávarútvegs til landsframlaiðslu með sem bestum hætti. Fengnar voru upplýsingar frá úrtaki fyrirtækja í hefðbundnum sjávarútvegi um kaup á aðföngum frá fyrirtækjum sem falla undir sjávarklasann. Þau fyrirtæki voru svo flokkuð eftir atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands (sem þá var ÍSAT95). Í kjölfarið var haft samband við á annað hundrað fyrirtæki í viðkomandi atvinnugreinaflokkum og upplýsinga aflað um veltu þeirra, vinnuafslotkun og almennt rekstrarumfang. Með þessu móti var unnt að áætla heildarveltu viðkomandi atvinnugreina og hlutdeild sjávarútvegs í henni, sem og hlutdeild sjávarútvegs í þeim virðisauka sem til varð innan þessara atvinnugreina.

Þar sem Hagstofa Íslands hefur nú skipt um atvinnugreinaflokkunarkerfi (yfir í ÍSAT08) er ekki unnt að meta óbeina framlagið með sama hætti og gert var árið 2010 nema afla nýrra gagna. Óbeina framlagið má þó auðveldlega áætla með nokkuð nákvæmum hætti enda afar ólíklegt að það taki miklum breytingum milli ára, einkum þar sem beint framlag sjávarútvegsins til landsframlaiðslu tekur ekki stórkostlegum breytingum frá ári til árs. Hér er þeirri aðferð beitt að áætla að óbeina framlagið breytist með sama hætti og beina framlagið (hækki ef beina framlagið hækkar) en þó hlutfallslega

hellingi minna milli ára. Þannig var óbeint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu metið um 7,3% árið 2010, áætlað um 7,7% árið 2011 og 7,8% árið 2012. Meðal atvinnugreina sem hafa háa hlutdeild veltu sinnar frá viðskiptum við sjávarútveg eru textílgerð, svo sem neta- og veiðafæragerð, stjórnsýsla, málmsmíði, flutninga- starfsemi og trjáiðnaður.

Eftirspurnaráhrif

Gera má ráð fyrir því að þeim virðisauka sem sjávarútvegurinn skapar beint og óbeint í formi launa og hagnaðar sé varið til kaupa á vörum og þjónustu og hafi þar með frekari áhrif til aukinnar framleiðslu í hagkerfinu. Sá virðisauki sem skapast innan atvinnugreina innanlands til að mæta þessari eftirspurn eykur því enn á landsframleiðslu. Þessi áhrif eru nefnd eftirspurnaráhrif hér en eru stundum einnig kölluð margföldunaráhrif. Þessi umsvif eru ekki hluti af sjávarútveginum né sjávarklasanum en sé ætlunin að fá mynd af heildarframlagi sjávarútvegs og tengdra greina til landsframleiðslunnar og leggja þannig mat á hlutfallslegt mikilvægi hans fyrir þjóðarbúið er nauðsynlegt að taka tillit til þessara áhrifa. Ekki hefur verið framkvæmd sjálfstæð rannsókn hér á landi til að meta umfang þessarar afleiddu eftirspurnar. Hins vegar má leiða að því líkur að hún sé á bilinu 50-100% af samanlögðu beinu og óbeinu framlagi sjávarútvegs ár hvert. Af varfærni er valin sú leið að áætla eftirspurnaráhrifin 40% af samanlögðu beinu og óbeinu framlagi sjávarútvegs til landsframleiðslu á árinu. Eftirspurnaráhrifin voru því metin 6,9% af landsframleiðslu árið 2010, 7,5% árið 2011 og 7,6% árið 2012.

Tafla 5. Framlag sjávarklasans til VLF

Sjávarútvegur	% af VLF 2010	% af VLF 2011	% af VLF 2012
Beint framlag	9,9%	11%	11,3%
Óbeint framlag	7,3%	7,7%	7,8%
Eftirspurnaráhrif	6,9%	7,5%	7,6%
Samtals framlag sjávarútvegs til VLF	24,1%	26,2%	26,7%
Önnur útflutningsstarfsemi sjávarklasans	1,5%	1,5%	1,7%
Samtals framlag sjávarklasans til VLF	25,6%	27,7%	28,4%

Helstu niðurstöður

- » Umfang sjávarklasans í hagkerfinu vex annað árið í röð, en framlag sjávarklasans til landsframleiðslu var 28,4% árið 2012, 27,7% árið 2011 og 25,6% árið 2010.
- » Heildarframlag sjávarútvegsins til landsframleiðslu árið 2012 var 26,7%. Þar af nam beint framlag 11,3% af landsframleiðslu, óbeint framlag 7,8% og eftirspurnaráhrif námu 7,6%.
- » Sjávarklasinn í heild stendur líklega undir um 25-35 þúsund störfum eða 15-20% vinnuafls.
- » Velta tæknifyrirtækja sjávarklasans var 66 milljarðar árið 2012 og jókst um 13% milli ára. Tæknigeiri sjávarklasans er því í mikilli sókn.
- » Áhersla á fullvinnslu og bættu nýtingu aukaafurða sem falla til við hefðbundna vinnslu eykst innan sjávarklasans enda felast gríðarleg tækifæri til verðmætasköpunar á því sviði. Heildarvelta helstu fyrirtækja sem falla undir fullvinnslu og líftækni var 22 milljarðar árið 2012 og jókst um 17% frá árinu áður.
- » Sjávarútvegurinn er grunnatvinnuvegur á Íslandi og stendur undir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, meðal annars á sviði flutninga og vörustjórnunar. Ætla má að heildarvelta í flutningum og tengdri starfsemi með sjávarafurðir hafi verið í kringum 17 milljarðar króna á árinu 2012.
- » Framleiðsla eldisfisks jókst um 57% milli ára en fiskeldi er ennþá lítil grein á Íslandi. Jákvæðar fréttir berast nú af mörgum fjárfestingaráformum og leyfisumsóknnum til fiskeldis sem bæði gætu skapað mikil verðmæti og spilað stórt hlutverk í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.
- » Heildaraflaverðmæti upp úr sjó voru 160 milljarðar króna árinu 2012. Aflaverðmæti hafa aukist myndarlega að raunvirði undanfarin ár.
- » Útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða námu tæpum 269 milljörðum króna árið 2012 og hafa aldrei verið meiri. Lágt raungengi krónunnar og hækkandi verð á mörkuðum leggjast hér á eitt, auk bættrar aflnýtingar og vaxandi getu íslenskra fyrirtækja til að bjóða verðmæta vöru árið um kring.



Heimildir

Agnarsson, S. og R. Arnason. 2007. The Role of the Fishing Industry in the Icelandic Economy. Í T. Bjorndal, D.V. Gordon, R.

Arnason og U.R. Sumaila (ritstj.) Advances in Fisheries Economics. Blackwell Oxford, UK.

Greiningardeild Arion banka. 2012. Íslenskur sjávarútvegur. Þróun undirstöðuatvinnugreinar Íslands.
<http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Greiningar/onnur-efnahagsmal/%C3%8Dslenskur%20sj%C3%A1var%C3%BAtvegur%20n%C3%B3vember%202012.pdf>

GSGislason & Associates Ltd. 2007. Economic Contribution of the Oceans Sector in British Columbia. Canada/ British Columbia Oceans Coordinating Committee, Vancouver CA.
<http://www.env.gov.bc.ca/omfd/reports/oceansector-economics.pdf>

Fiskeldisfréttir, 2. árg., 2. tbl. 2013, apríl.
<http://lfh.is/documents/02.02.2013.pdf>

Greining Sjávarklasans
<http://www.sjavarklasinn.is/frettir/greining-sjavarklasans/>

Hafrannsóknarstofnun. 2013. Nytjastofnar sjávar 2013/2014. Aflahorfur fiskveiðiárið 2013/2014.
http://www.hafro.is/Astand/2013/Astandsskyrsla_2013_ver_3.pdf

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2007. Hlutur sjávarútvegs í þjóðarþúskapnum. Nr. C07:05.
http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2007/C07_05.pdf

Hagstofa Íslands (ýmis gögn)
www.hagstofa.is

Iceland Seafood International. 2013. „Strong growth in Iceland“ (Iceland, January 25th, 2013).
http://is.is/daily_catch

Icelandic Group hf. – Consolidated Financial Statements 2012.
<http://www.icelandic.is/library/arsskyrslur/Arsskyrsla-2012.pdf>

Íslandsbanki. 2012. Íslenski sjávarútvegurinn.
<http://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Seafood-Reports/ISB-sjavarutvegsskyrsla-2012.pdf>

Íslenski sjávarklasinn. 2013. Greining Sjávarklasans: Græna fiskiskipið.
http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2013/06/GreiningSj%C3%A1varklasans_13.06.2013.pdf

Íslenski sjávarklasinn. 2013. Greining Sjávarklasans: Helmingi minni afli, tvöfalt meira verðmæti.
http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2013/03/Greining_Sj%C3%A1varklasans_26.3.2013.pdf

Íslenski sjávarklasinn. 2013. Greining Sjávarklasans: Velta tækniyrirtækja í sjávarklasnum 60 milljarðar árið 2012.
http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2013/06/GreiningSj%C3%A1varklasans_08.06.2013.pdf

Marel - Annual Report 2012.
<http://marel.com/annual-reports/2012/?source=annualreport-shortcut>

Matis. 2013. Aukin vinnsla skilar verðmætum. (Sótt 11. júlí 2013).
<http://matisvefur.eplca.is/um-matis/frettir/nr/3759>

McKinsey & Company. 2012. Charting a Growth Path for Iceland.
http://www.mckinsey.com/locations/Copenhagen/our_work/How_We_Work/~/_media/Images/Page_Images/Offices/Copenhagen/ICELAND_Report_2012.ashx

Landssamband fiskeldisstöðva. 2009. Staða fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun Landssambands fiskeldisstöðva í rannsóknar- og þróunarstarfi 2010-2013.
<http://lfh.is/documents/vefutgafaLoka.pdf>

Landssamband fiskeldisstöðva. 2013. Fiskeldi gæti fimmfaldast á næstu árum – Eldi á Vestfjörðum mun hugsanlega skila meiru en hefðbundnar fiskveiðar.

<http://lfh.is/documents/FrettatilkygningumfiskeldiLoka.pdf>

Landssamband fiskeldisstöðva. 2013. Hagtölur. (Sótt 14. júní 2013.)

<http://lfh.is/hagtolur-eldid.htm>

Linda B. Bryndísardóttir. 2011. Ekki er allt sem sýnist. Mat á þjóðhagslegri arðsemi íslensks sjávarútvegs (BS-ritgerð). Hagfræðideild Háskóla Íslands, Reykjavík.

http://skemman.is/stream/get/1946/8189/21677/1/Bs_%C3%BEjodhagslegardsemisjavarutvegs.pdf

OECD-FAO. 2013. Agricultural Outlook 2013-2022.

<http://www.oecd.org/site/oecd-faoagriculturaloutlook/highlights-2013-EN.pdf>

Ragnar Árnason og Sveinn Agnarsson. 2005. Sjávarútvegur sem grunnatvinnuvegur á Íslandi. Fjármálatíðindi, 52(2), bls. 14-35.

<http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3677>

Ragnar Árnason og Þór Sigfússon. Án ártals. Þýðing sjávarklasans í íslensku efnahagslífi. Íslandsbanki, Reykjavík.

http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2012/02/Sjavarklasinn_Skyrsla-Low1.pdf

Samtök fiskvinnslustöðva. 2013. Upplýsingar um inn- og útflutning sjávarfurdá. (Sótt 11. júní 2013.)

http://www.sf.is/index.php?option=com_content&view=article&id=111&Itemid=117

Sérfræðihópur skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. 2011. Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða sakmvæmt þingskjali 1475.

http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/2011/grg_hagraen_ahrif.pdf

Vilhjálmur Jens Árnason og Þór Sigfússon (meðhöfundur). 2011. Íslensku sjávarklasinn. Skýrsla um umsvif, tækifæri og áskoranir (fyrstu drög, nóvember 2011). Íslenski sjávarklasinn, Reykjavík.

<http://www.sjavarklasinn.is/sjavarklasinn.pdf>

Þór Sigfússon og Haukur Már Gestsson. 2012. Efnahagsleg umsvif og afkoma sjávarklasans á Íslandi 2011. Íslenski sjávarklasinn, Reykjavík.

http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2012/12/Efnahagsleg_umsvif_20111.pdf

